

Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfossi

Akureyri, 8. október 2020  
UST202001-212/S.R.B.  
08.12.01

### Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi fyrir landeldi Matorku ehf., Grindavík.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Matorku ehf. vegna stækkunar landeldis í Grindavík.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila þar sem hámark lífmassa má ekki fara yfir 6.000 tonn á hverjum tíma.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 8. október 2036.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess. Umhverfisstofnun sendir hér með Matvælastofnun starfsleyfið sbr. 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skal afhent og birt umsækjanda.

Virðingarfyllst



Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur



Sverrir A. Jónsson  
teymisstjóri